

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag
reglulegs Alþingis 1949.

82

16. ágúst

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Alþingi hafi verið rofið og efnt til kosninga af nýju 23. dag októbermánaðar n. k., beri brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 3/1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949, er mæli svo fyrir, að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman eigi síðar en 11. október þ. á. Fellst ég því á, með skirskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

1. gr. laga nr. 3/1949 orðist þannig:

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman 14. nóvember 1949, hafi forseti eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.

83

16. ágúst

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að við kosningar þær til Alþingis, er fram eiga að fara á næsta hausti, sé nauðsynlegt að hafa fleiri en einn kjördag, sakir þess hve kosningarnar fara fram seint að hausti.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Í kosningum þeim, sem fram fara til Alþingis í október 1949 skulu vera tveir kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsþings.

Þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 104. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórn hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjör-